

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Tumi Tómasson

ATHUGUN Á LAXÁ Á ÁSUM 1985.

Hólum mars 1986.

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

1986 N/86003

INNGANGUR

Dagana 28-29/5 og 31/5-1/6 1985 var gerð athugun á Laxá á Ásum og seiðastofnum hennar. Tilgangur athugunarinnar var að kanna hvort þörf væri á sérstökum laxaræktaraðgerðum í kjölfar minnkandi göngu undanfarandi ára. Aðstoðarmaður var Bjarni Jónsson.

RANNSÖKNARGÖGN OG AÐFERÐIR

Laxá var skoðuð frá Svínavatni niður að ós í Húnavatn og seiðastofnar árinna kannaðir með rafveiðum á tólf stöðum. Á einum stað voru veiddar tvær yfirferðir, en með því að athuga fækkun veiddra seiða á milli yfirferða fæst mat á veiðinni, þ.e. hversu hátt hlutfall seiða veiðist í einni yfirferð. Allur fiskur sem veiddist var lengdarmældur og aldurssýni, hreistur of kvarnir, tekin úr hluta aflans. Við aldursgreiningu er lesinn aldur fisksins frá klaki. Hrygning fer fram á hausti, en hrognin klekjast að vorinu. Á fyrsta sumri er seiði 0+ ára, á öðru sumri 1+ ára o.s.frv.

LÝSING Á ÁNNI

Þegar niðurstöður rafveiða eru metnar verðar ávalt að hafa hliðsjón af umhverfispáttum á veiðistaðnum. Þar sem vatnshiti, vatnsmagn eða göngumöguleikar takmarka ekki útbreiðslu lax eru það helst stærð hrygningarstofns, botngerð og straumlag sem ráða mestu um þéttleika, vöxt og aldurssamsetningu (stærðdreifingu) laxaseiða innan árkerfisins.

Laxá má skipta í Efri-Laxá milli Svínavatns og Laxárvatns, og Neðri-Laxá frá Laxárvatni að Húnaós (Mynd 1).

Efri Laxá

Í útfalli Svínavatns er stífla og vatnsmiðlun, en fiskgengt er í vatnið um fiskveg. Vatnsmiðlunin er notuð vegna reksturs virkjunar sem er fyrir neðan Laxárvatn.

Fyrir neðan Svínavatn er áin nokkuð breið (40-50 m), fremur grunn og smágrýtt á rúmlega 1 km kafla. Á þessum kafla ættu uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði að vera góð. Síðan breytir áin um svip, verður lygn og fín í botninn. Þarna eru skilyrði best fyrir stærri urriða, en síðri fyrir laxaseiði.

Neðar eykst straumhraði aftur nokkuð og innanum eru grýtt brot, sem henta vel uppvaðandi laxaseiðum. Um 300 m fyrir ofan brúna er áin stórgrýtt en nokkru fyrir neðan brúna fer malarbotn að verða ríkjandi, en þar er einnig staksteinótt,

jafnvel grýtt, á köflum. Almennt eru skilyrði fyrir uppvaxandi laxa- og urriðaseiði góð hér.

Neðri Laxá

Náttúrulegt útfall Laxár er úr Laxárvatni suðvestanverðu. Þar er stífla, vatnsmiðlun og fiskvegur, en rafstöðin tekur vatn í gegnum skurð úr norðurenda vatnsins.

Frá Laxárvatni niður að útfalli rafveitunnar er áin grýtt, fyrir utan um 1 km kafla sem er nokkuð lygn með smá brotum í. Þarna er mest veiði af fullorðnum laxi og kallast Langhylur. Þess utan eru einungis þrír litlir hyljir á þessum kafla. Að Langhyl undanskildum eru uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði eins og best verður á kosið.

Frárennsli rafveitunnar rennur um rúmlega 1 km langan skurð niður í Laxá. Skurðurinn er um 3 m á breidd og beinn. Efst er botngerðin fín, en um miðbikið ber meira á grófri möl og neðst er smágrýtt í botninn. Ummerki á bökkum og í Laxá fyrir neðan útfallið, benda til að miklar sveiflur séu í rennsli um skurðinn. Uppeldisskilyrði í skurðinum eru best neðst en rennslissveiflurnar rýra þau.

Fyrir neðan rafveituskurðinn er Laxá grýtt og uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði ágæt. Um 1,2 km neðar, fyrir neðan Sauðaneskvörn, verður áin hallaminni. Þar skiptast á brot og breiður. Botngerðin er fín, en þó eru víða góð uppeldissvæði á brotunum þar sem botnefnin eru grófari. Um 1,5 km fyrir neðan Sauðaneskvörn, þar sem hitaveiturör liggur yfir ána er áin orðin mjög lygn, fín í botninn og skjóllítill. Áin er svipuð þessu á um 3 km kafla. Uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði eru léleg.

Fyrir neðan Holt er áin aftur straummeiri og grýtt í botninn. Þar eru skilyrði góð og er áin þessu lík á um 2 km kafla, en fyrir neðan Húnstaði er kominn malarbotn í ána. Áin rennur þar í fremur straumhörðum kvíslum. Skrið er á botninum og hann skjóllítill og skilyrði fyrir laxaseiði almennt slök.

NIDURSTÖÐUR RAFVEIÐA

Fjöldi veiddra seiða er tekinn saman í Töflu 1 og lengdar- og aldursdreifing þeirra sýnd á Myndum 2 og 3. Á stöð 4 voru veiddar tvær yfirferðir. Út frá fækkun í fjölda veiddra seiða á milli yfirferða má ætla að um 30% seiða veiðist í hverri yfirferð. Fjöldi, vöxtur og tegundasamsetning seiða er töluvert mismunandi eftir svæðum, eins og fjallað verður nánar um hér að neðan.

UMRÆÐUR OG ÁLYKTANIR

Efri Laxá

Fyrir neðan útfall Svínavatns, þar sem skilyrði fyrir laxa-og urriðaseiði virðast góð, veiddust einungis örfá bleikjuseiði, flest 1+ (Stað 1, Tafla 1). Þetta bendir til að áin hafi þornað eða etv. botnfrosið vegna lítils rennslis úr Svínavatni. Sérstaklega verður að passa upp á við rekstur vatnsmiðlunarinnar við Svínavatn að rennsli sé ávallt nóg. Yfirleitt er framleiðslugeta á mjög góð við útfall vatna og því mikið í húfi að rennsli sé stöðugt allan ársins hring. Í athugun sem gerð var á seiðastofnum árinna 1982 (Jón Kristjánsson, 1983) fannst einnig minnst af seiðum á þessum stað, en þó voru þar þá bæði laxa- og urriðaseiði.

Á stöðum 2 og 3 fengust laxa- og urriðaseiði en í tiltölulega litlu magni. 1+ árgangur laxaseiða fannst einnig á stað 2, 2+ árgangurinn hvergi, en 3+/4+ árgangarnir á stöðum 2 og 3. Þessi fæð laxaseiða og stopul dreifing þeirra bendir til að undanfarandi ár hafi laxgengd í Efri Laxá verið lítil og ekki árviss. Athuga þyrfti hvort hægt sé að auka rennsli í gamla farvegi Laxár úr Laxárvatni, a.m.k. þegar göngur eru mestar, til að tryggja að lax komist þar upp. Það hefur komið fram áður að lax safnist gjarnan við frárennsli virkjunarinnar í stað þess að halda áfram fram í ána. Af þessu tilefni athugaði Jón Kristjánsson aðstæður árið 1978 og lagði þá til að frárennsli stöðvarinnar yrði látið falla í ána í nokkrum kvíslum (Jón Kristjánsson, 1978). Ég tel líka að slík aðgerð myndi auka líkur á að lax héldi áfram upp í Laxá, fram hjá virkjunarskurðinum.

Þéttleiki urriða í Efri Laxá var nú mun minni en 1982. Þá voru á stað 3 tæplega 300 urriðaseiði á hverja 100 m², en 1985 voru þau um 10 á hverja 100 m². Eins og búast má við, er vöxtur seiðanna mun betri nú en þá.

Ég tel að skynsamlegt sé að auka nýtingu Efri Laxár til laxaframleiðslu. Tryggja ber í lengstu lög að lax geti gengið fram ána. Þegar göngur virðast mjög litlar má flytja lax á bílum uppeftir. Þetta var gert haustið 1985, en þá var 10 þörum sleppt skammt fyrir neðan Svínavatn og öðrum 10 við þjóðvegsbrúna. Laxarnir voru teknir með ádrætti í Langhyl.

Neðri Laxá

Í Neðri Laxá má segja að laxaseiði séu alsráðandi. Urriða-og bleikjuseiði veiddust í litlu magni á örfáum stöðum (Tafla 1), og jafnframt fengust tveir litlir álar í rafveitu-skurðinum.

Þegar laxaseiði klekjast út eru þau aðallega á malarbotni, en eftir því sem þau stækka og eldast þurfa þau grófari botn, en þar er bæði betra skjól og einnig meira framboð af fæðudýrum.

Á fyrsta aldursári er sjaldgæft að fæðuskortur hái vexti seiða mikið. Hinsvegar er algengt að vatnshiti hafi mikil áhrif á þessum tíma. Því hlýrri sem áin er (upp að ákveðnu marki!) því betri eru skilyrðin til vaxtar fyrsta árið. Yfirleitt hlýna árnar á leið sinni til sjávar og því eru seiði yngsta árgangs stærri eftir því sem neðar dregur í ánum.

Í Laxá á Ásum voru yngstu laxaseiðin 1+, seiði sem voru að byrja annað sumarið sitt í ánni. Þau eru árangur hrygningar frá haustinu 1983 og klöktust út vorið 1984.

Reyndar veiddust tvö vorgömul seiði (0+), í rafveituskurðinum (stað 8), og voru þau enn með kviðpokann.

Eins árs seiðin voru áberandi stærst í rafveituskurðinum (stað 8, Mynd 2), sem eflaust er vegna þess að vatnshitinn þar er tiltölulega hár að vetrinum. Áhrifanna gætir aðeins niður í ána og á stað 7 eru 1+ seiði vel yfir meðallagi stór. Miðlunin í útfalli Laxárvatns í Laxá hefur svipuð áhrif á veturhitann í ánni fyrir neðan, þannig að á Stað 4 eru 1+ seiðin einnig tiltölulega stór (Mynd 2).

Mest ber á stórum seiðum á stöðum 4-9. Seiði sem náð höfðu 11-12 cm voru flest komin eða að komast í göngubúning, og líklegast hafa slík seiði þegar verið gengin út af neðri svæðunum.

Vöxtur seiðanna er mjög misjafn á milli stöðva. Eins og áður segir ræðst þetta nokkuð af vatnshita, en á öðru og þriðja ári hafa þéttleiki seiða, botngerð og fæðuframboð meiri áhrif. Því hægar sem seiðin vaxa, því meiri dánartala er á milli ára og því minni verður gönguseiðaframléiðslan og þá eðlilega einnig laxgengd einu til tveimur árum seinna.

Vöxtur seiða er áberandi minnstur á stað 11 (Mynd 2), en þar var þéttleiki þeirra jafnframt mestur (Tafla 1), þótt stærstu seiðin hefðu þegar farið út. Á stöðum 9-11 var allstaðar of mikið af seiðum miðað við botngerð og seiðin áberandi mjórri hér en annarstaðar í ánni. Til að halda góðri framléiðslu á þessu svæði má reyna að takmarka hrygningu þar, t.d. með ádrætti að haustinu. Jafnframt mætti reyna að bæta botngerðina með því að bera grjót á grunnar flúðir frá Sauðaneskvörn niður undir Holt.

Þegar á heildina er litið er ástandið í Neðri Laxá nú mjög gott, framléiðsla mikil og búast má við góðri laxgengd á næstu árum. Þá er mikilvægt að auka nýtinguna, því annars er hætt við að of stór hrygning spilli fyrir. Þetta má gera á tvennan hátt. Annars vegar má auka veiðialagið á stöng, t.d. með því að bæta við stöng eða með fjölgun veiðistaða. Fyrir ofan rafveituskurðinn eru t.d. sárafáir veiðistaðir fyrir utan Langhyl. Þar má sumstaðar reyna að þrengja farveginn

með grjótgörðum, þannig að áin myndaði streng sem græfi hyl. Hins vegar má auka töku klakfisks úr ánni að haustinu, en hagkvæmni þess ræðst að miklu leiti af hver markaður er fyrir klakfisk hverju sinni.

Vistkerfi eru háð stöðugum breytingum vegna breytilegra umhverfispáttá og allar aðgerðir verða að taka mið af ástandi hvers tíma. Því er æskilegt að áfram verði haldið að athuga Laxá, bæði til að meta árangur þeirra aðgerða sem framhvaðdar hafa verið og til að meta hvert framhaldið skuli vera.

HEIMILDIR


Jón Kristjánsson, 1978. Skoðunarferð að Laxá á Ásum
31/1 '78. Skýrsla Veiðimálastofnunar, 3 bls.

Jón Kristjánsson, 1983. Seiðaransóknir í Laxá á Ásum
2/9 '82. Skýrsla Veiðimálastofnunar, 5 bls.


Tafla I

Fjöldi veiddra seiða í Laxá á Ásum 1985.
 Veiddistaðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1)

Veiddi staður	Stærð svæðis (m ²)	Fjöldi veiddra seiða (á hverja 100 m ²)		
		1+	2+	3+ og eldri
<u>LAX</u>				
1	960	0	0	0
2	1250	1,0	0	0,4
3	1250	0	0	0,4
4(1)	400	13,8	6,3	3,8
4(2)	400	8,3	4,8	2,0
5	625	5,3	8,6	7,8
6	400	8,0	20,3	5,0
7	400	6,8	16,0	8,5
8	150	18,0	8,7	3,3
9	600	12,2	6,2	2,7
10	612	7,2	1,5	0,3
11	400	19,8	12,0	6,5
12	360	4,4	8,3	1,7
<u>URRÍÐI</u>				
2	400	9,2	0,2	
3	1250	2,9	0,2	
5	625	0,5	0,3	
6	400	0,2	-	
8	150	-	0,7	
<u>BLEIKJA</u>				
1	612	0,5	0,2	
5	625	0,5	0,3	
8	150	0,7	-	





MYND 1. - Rafveiðistaðir í Laxá á Ásum maí 1985.




MYND 2. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í Laxá á Ásum, maí 1985.

FSÖLDI



Lengd /sm

Aldur:



MYND 3. Lengdar- og aldursdreifing urriðaseiða í Laxá á Ásum, maí 1985.